



## Ársskýrsla 2006

### Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	2
Stjórn og skipurit	3
Rekstur 2006 - yfirlit forstjóra	4
Lykilstærðir – Hitaveita	10
Lykilstærðir – Rafveita	13
Lykilstærðir – Vatnsveita	16
Viðskiptavinir	18
Ársreikningar 2006	21

---

Útgefandi:	Norðurorka hf.
Umsjón:	Agnar Árnason
Umbrot:	Stíll
Forsíðumynd:	Valur Eyþórsson
Prentun:	Ásprent
Ljósmyndir:	Valur Eyþórsson o.fl.



Bjarni Jónasson stjórnarformaður

## Viðburðaríkt ár að baki

Árið 2006 var gott ár í rekstri Norðurorku hf. Eins og á fyrra ári endurspegladist gróska á veituvæðum fyrirtækisins m.a. í fjölda nýrra viðskiptavina félagsins og hækkandi tekjum.

Tekjur samstæðu Norðurorku hf. á árinu 2006 voru samtals 1.740 milljónir króna. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði var 835 milljónir króna eða 48%. Fjárfestingar ársins voru um 646 milljónir. Mest var fjárfest í hitaveituframkvæmdum eða fyrir um 315 milljónir. Skuldir og skuldbindingar eru um 3.843 milljónir. Niðurstöðutala efnahagsreiknings er 6.066 milljónir króna. Veltufé frá rekstri nam um 709 milljónum og arðsemi eigin fjár var 28,8%. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á að á árinu er talið til tekna skattalegt hagræði upp á um 735 milljónir króna sem myndast við endurmat eigna í samræmi við reglugerð sem sett var þegar lögfest var að orkufyrirtæki yrðu skattskyld frá og með 1. janúar 2006.

Frá árinu 2002 hafa tekjur Norðurorku hf. aukist um 38% og eiginfjárlutfall hækkað úr 24,9% í 36,6% árið 2006. Þetta endurspeglar þá uppbyggingu sem hefur átt sér stað á þjónustuvæðum Norðurorku og kaupum á öðrum veitum.

Í ljósi sterkrar stöðu félagsins leggur stjórn þess til að greiddur verði 7,5% arður til hluthafa á árinu 2007.

Rekstrarafkoman er góð þrátt fyrir að verð á afurðum félagsins hafi lækkað að raungildi eða verið haldið innan marka almennra verðlagsbreytinga.

Dreifikerfi hitaveitu heldur áfram að vaxa og nú hafa Fnjóskadalur og Grýtubakkahreppur bæst við.

Þegar litið er til síðustu fjögurra ára hefur viðskiptavinum hitaveitunnar fjölgað um 11,6% og dreifikerfið lengst um 62%.

Framkvæmdir í dreifikerfi rafmagns hafa að mestu verið bundnar lagningu nýrra gatna og nýbygginga.

Segja má að í byrjun ársins 2006 hafi raforkulög frá 2003 öðlast að fullu gildi en þá gátu allir raforkukaupendur valið sér raforkusala. Nokkur samkeppni er á markaðnum um stór fyrirtæki, fyrst og fremst þau sem hafa starfsstöðvar víða. Samkeppni um annan markað er ekki mikil enn sem komið er.

Stjórn Norðurorku hf. hefur um nokkurt skeið leitað leiða til að efla raforkusöluþátt starfseminnar, styrkja stöðuna í samkeppnisumhverfinu og skapa möguleika til að dreifa rekstrarlegri áhættu. Liður í því var að kaupa 60% hlut meðeigenda okkar í Fallorku ehf. í október og flytja í framhaldi af því raforkusölu Norðurorku yfir í það félag. Fallorka ehf. er nú að fullu í eigu Norðurorku hf. og hefur alla þætti samkeppnisrekstrar innan sinnar starfsemi.

Við skulum vona að fall sé fararheill en hinn 20. desember urðu mannvirki í Djúpadal fyrir miklum skemmdum þegar stífla Fallorku ehf. við Stóradal rofnaði í kjölfar mikilla hamfaraflóða með þeim afleiðingum að vatn flæddi í stöðvarhús beggja virkjananna og olli þar miklu tjóni, einkum á Djúpadalsvirkjun II. Gert er ráð fyrir að Djúpadalsvirkjun I verði farin að framleiða raforku á ný fyrir lok apríl 2007. Viðgerð á Djúpadalsvirkjun II og á stíflu eru tímafrekari og ekki liggur fyrir hvenær þeim lýkur.

Í upphafi árs keypti Norðurorka hf. vatnsveitu Svalbarðsstrandarhrepps. Að öðru leyti óx dreifikerfi vatnsveitunnar í takt við stækkun bæjarins. Ný gjaldskrá vatnsveitu var ákveðin í desember með gildistöku 1. janúar 2007. Gjaldskráin er þannig upp byggð að greitt er fast gjald og gjald fyrir hvern fermetra húsnæðis. Það er álit stjórnar Norðurorku hf. að nýja gjaldskráin leiði til umtalsvert réttlátari gjaldtöku en sú sem áður gildi.

Þeistareykir ehf., sem Norðurorka hf. á um þriðjungshlut í, stóðu fyrir nokkrum framkvæmdum á árinu. Í samræmi við áætlanir var boruð rannsóknarhola af „fullri“ stærð á Þeistareykjum og lofar hún góðu. Gerðar voru segulmælingar á svæðinu á árinu og sýna þær að jarðhitasvæðið er mun víðfeðmara en áður var talið eða um 45 ferkílómetrar. Áformað er að bora fjórðu holuna á svæðinu árið 2007.

Þann 28. desember 2006 hélt Norðurorka hf. árlegt málþing sitt. Þetta árið var ákveðið að víkka sjónarhornið frá því sem áður hefur verið gert og flutt voru erindi um útrás orkufyrirtækja, fjármögnun útrásar og orkumannvirkja og „óhefðbundna“ orkugjafa.

Í ár sem og undanfarin ár hefur Norðurorka hf. stutt við menningar- og listastarfsemi á starfssvæði sínu auk stuðnings við starfsemi Háskólans á Akureyri. Stórt viðbótarskref var stigið þegar Norðurorka hf. ákvað að taka virkan þátt í Skóla endurnýjanlegra orkugjafa með veglegu hlutafjárframlagi. Skólinn er sjálfstæð vísinda- og kennslustofnun sem býður upp á alþjóðlegt eins árs meistaranám í samstarfi við Háskólann á Akureyri.

Ég vil fyrir hönd stjórnar þakka stjórnendum og starfsfólki Norðurorku hf. farsælt og árangursríkt starf á liðnu ári. Starfsmannaveita er lítil hjá Norðurorku hf. og trúmennska og tryggð starfsfólksins mikils metin af stjórn og stjórnendum fyrirtækisins. Ég vil einnig þakka viðskiptavinum og samstarfsaðilum öllum góð samskipti á árinu. Þá vil ég færa hluthöfum bestu þakki fyrir ánægjulega samvinnu og að endingu vil ég þakka forstjóra, Franz Árnasyni, og meðstjórnendum mínum ákaflega ánægjulegt samstarf.

Bjarni Jónasson




Stjórn og forstjóri Norðurorku

### Stjórn Stjórn Norðurorku árið 2006 var þannig skipuð:

Bjarni Jónasson, formaður  
 Hákon Hákonarson, varaformaður  
 Kristín Sigfúsdóttir, ritari  
 Sigurður Hermannsson  
 Helgi Snæbjarnarson

Varastjórn skipa: Baldvin Valdemarsson, Einar S. Bjarnason, Gerður Jónsdóttir, Hallur Gunnarsson og Oddur Helgi Halldórsson

### Skipurit



## Aðalfundur

Aðalfundur Norðurorku hf. árið 2006 var haldinn 3. mars. Í stjórn voru kjörin: Bjarni Jónasson, Hákon Hákonarson, Helgi Snæbjarnarson, Kristín Sigfúsdóttir og Sigurður Hermannsson. Varastjórn skipa eftirtaldir: Baldvín Valdemarsson, Einar S. Bjarnason, Gerður Jónsdóttir, Hallur Gunnarsson og Oddur Helgi Halldórsson. Stjórnin kom saman til fyrsta fundar strax að aðalfundi loknum og skipti með sér verkum. Formaður er Bjarni Jónasson, varaformaður Hákon Hákonarson, ritari Kristín Sigfúsdóttir og meðstjórnendur Helgi Snæbjarnarson og Sigurður Hermannsson. Stjórnfyrirtækisins hefur fundað 15 sinnum frá síðasta aðalfundi.

## Stjórnsýsla og fjármál

Unnið var að framkvæmdum við fyrsta hluta Reykjavæitu frá Reykjum að Illugastöðum og voru frístundahúsin á Illugastöðum tengd við hitaveitu í júnímánuði. Samningur var síðan undirritaður milli Norðurorku hf., Grýtabakkahrepps og Þingeyjarsveitar í júlí þar sem Norðurorka hf. skuldbindur sig til að leggja hitaveitu niður Fnjóskadal og Höfðahverfi allt til Grenivíkur fyrir árslok 2007. Sveitarfélögin tvö gerðust í framhaldinu hluthafar í Norðurorku hf. og lofuðu ákveðnum stuðningi við verkefnið. Þessir tveir nýju hluthafar í Norðurorku hf. eru boðnir velkomnir í hluthafahópinn. Unnið hefur verið að framkvæmdum síðan í október sl. Viðræðum sem hafa staðið yfir með hléum undanfarin ár við Eyjafjarðarsveit um frekari útbreiðslu hitaveitu í sveitarfélaginu er enn ólökð.




Franz Árnason forstjóri

Tekjur samstæðu Norðurorku hf. á árinu 2006 voru samtals 1.740,5 milljónir króna sem er í góðu samræmi við áætlun. Hagnaður fyrir fjármagnsliði var 835 milljónir króna. Fjárfestingar ársins voru um 646 milljónir. Niðurstöðutala efnahagsreiknings er 6.066 milljónir króna. Það er rétt að leggja á það áherslu að þó hagnaður Norðurorku hf. í ár sé óvenju mikill, er ekki allt sem sýnist. Til tekna er talið skattalegt hagræði upp á um 735 milljónir króna. sem myndast við endurmat eigna í samræmi við reglugerð sem sett var þegar lögfest var að orkufyrirtæki yrðu skattskyld frá og með 1. janúar 2006.

Áfram var unnið við gæðakerfi fyrirtækisins og er það nú nánast tilbúið til vottunar en dregist hefur að reka smiðshöggjöð á verkið. Verkefnið er til meðferðar hjá vottunarstofu. Þá var unnið að endurskoðun á stefnu fyrirtækisins og lítilsháttar breytingar á stefnunni voru samþykktar á stjórnarfundi í desemberbyrjun.

Verðskrá hitaveitu var lækkuð úr kr. 92.- í kr. 89.- á rúmmetra þann 1. janúar en fast gjald hitaveitu er látið fylgja verðlagsþróun. Sama er að segja um heimæða- og heimtauggjöld. Landsvirkjun hækkaði verð á raforku samkvæmt 7 og 12 ára kaupsamningum um 2,8% frá og með 1. júlí 2006. Smásóluverð á raforku frá söludeild Norðurorku hf. breyttist hins vegar ekki. Sama er að segja um gjaldskrá raforkudreifingar. Flutningskostnaður raforkunnar breytist með breytingum á verðskrá Landsnets hf.



Myndrit 1

Verðþróun á raforku og heitu vatni hjá Norðurorku hf. Til að sýna samanburð eru bygginga- og launavísitala hafðar með ásamt heildarverði raforku frá Landsvirkjun og Landsneti hf. á afhendingarstað við Akureyri.



### Ímynd

Í október var gerð könnun á ímynd fyrirtækisins og ánægju íbúa á viðskiptasvæði Norðurorku hf. Helstu niðurstöður voru svipaðar og niðurstöður sams konar könnunar sem gerð var árið 2004. Þar kom fram að mikill meirihluti svarenda var jákvæður gagnvart fyrirtækinu og um 60% vissu að raforka var ódýrust hjá Norðurorku hf.

Þann 28. desember 2006 hélt Norðurorka hf. árlegt málþing sitt. Undanfarin ár hefur dagskráin tekið mið af nærumhverfi fyrirtækisins. Þetta árið var ákveðið að víkka sjónarhornið. Ásgeir Margeirsson, stjórnarformaður Enex og framkvæmdastjóri hjá Orkuveitu Reykjavíkur, flutti erindi um útrás orkufyrirtækja. Um „óhefðbundna“ orkugjafa ræddi Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs Orkustofnunar á Akureyri, og Jóhannes Hauksson, viðskiptastjóri hjá Glitni, talaði um fjármögnun útrásar og orkumannvirkja. Úthlutað var styrkjum samkvæmt ákvörðun stjórnar. Styrkþegar árið 2007 eru: Háskólinn á Akureyri, Iðnaðarsafnið á Akureyri, Leikfélag Akureyrar, Listasafnið á Akureyri, Jassklúbbur Akureyrar, Gallerí JV og „leikhúsið á Möðruvöllum í Hörgárdal“.

### Orkuskóli

Af hálfu Þekkingarvarða ehf. og fleiri aðila hefur verið unnið að því að koma á fót sjálfstæðum orkuskóla er starfi við hlið Háskólans á Akureyri. Stofnað hefur verið félag um skólann, Skóli endurnýjanlegra orkugjafa (e. School for Renewable Energy Science). Skólinn er sjálfstæð vísinda- og kennslustofnun sem starfar í nánum tengslum við Háskólann á Akureyri og fjallar um öll svið endurnýjanlegrar orku. Þar verður boðið upp á alþjóðlegt eins árs meistaranám - M.Sc. nám í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Stjórn Norðurorku hf. ákvað að taka virkan þátt í þessu starfi með veglegu hlutfjárframlagi.

### Orkuþing

Samorka, í samvinnu við Iðnaðarráðuneyti, Orkustofnun o.fl. hélt Orkuþing í október undir yfirskriftinni „Orkan og samfélagið – vistvæn lífsgæði“. Á þinginu voru haldin yfir 100 erindi þar sem farið var yfir orkumálin í víðasta skilningi. Á þinginu voru einnig veitt verðlaun fyrir athyglisverð orkumannvirki. Veitt voru tvö verðlaun og hlaut Glerárvirkjun önnur þeirra. Í lumsögn dórnafndar segir að Norðurorka hf. fái viðurkenningu fyrir endurvirkjun Glerár. „Endurvirkjun Glerár 2004 og 2005, virkjun sem skipar sögulegan sess í uppbyggingu Akureyrar á liðinni öld er þar endurnýjuð og gerð aðgengileg almenningi. Framkvæmdin sýnir virðingu fyrir áhugaverðri virkjunarframkvæmd á liðinni öld. Endurgerð virkjunin hefur tvímælaust fræðslugildi og er jafnframt í góðri sátt við sérlega fallegt náttúrulegt umhverfi í þéttbýli.“



Glerárvirkjun, verðlaunavirkjun



Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri gangsetur Reykjavæitu í Fnjóskadal í júní 2006. Á miðri mynd er Bjarni Jónasson, stjórnarformaður Norðurorku hf., og lengst til hægri Jóhann Guðni Reynisson, sveitarstjóri Þingeyjarsveitar.

## Raforkuframleiðsla og sala

Segja má að í byrjun ársins hafi raforkulög frá 2003 öðlast að fullu gildi en þá gátu allir raforkukaupendur valið sér raforkusala. Nokkur samkeppni er á markaðnum um stór fyrirtæki, fyrst og fremst þau sem hafa starfsstöðvar víða. Samkeppni um annan markað er ekki mikil enn sem komið er. Vegna aðstæðna og smæðar markaðarins er ekki líklegt að svo verði á næstunni. Raforka er mjög lítill hluti heimilisútgjalda og raforkudreifing og flutningur raforku er ekki á samkeppnissviði, einungis sjálf raforkuframleiðslan og salan. Sjá hlutföll í kafla um viðskiptavinum, myndrit 16. Raforkukaup venjulegs heimilis, þ.e.a.s. samkeppnishlutinn, nema um 10-20 þúsund krónum á ári og því þarf verulegan verðmun milli seljenda til að sparnaður við að færa sig milli sölufyrirtækja verði umtalsverður.

Stjórn Norðurorku hf. hefur leitað leiða til að efla raforkusöluþátt starfseminnar í því samkeppnisumhverfi sem nú er að fullu komið á. Liður í því var að kaupa 60% hlut meðeigenda okkar í Fallorku í október 2006 og flytja í framhaldi af því raforkusölu Norðurorku yfir í það félag. Fallorka ehf. er nú að fullu í eigu Norðurorku hf. Djúpadalsvirkjun II ásamt stíflugerð við Stóradal var lokið um áramót 2005-2006. Áhrif vatnssöfnunar í miðlunarlónið við Stóra-Dal á framleiðslugetu virkjananna voru nokkur og í því fölginn að hægt var að framleiða meiri raforku þegar hennar var mest þörf og hæst verð fékkst fyrir hana. Við tilkomu Djúpadalsvirkjunar II varð heildaraflgeta virkjana Fallorku ehf. tæp 3 MW. Allt gekk að óskum þar til 20. desember að miklar leysingar og úrkoma ulla hamförum í Eyjafirði og víðar. Meðal þess sem gerðist var að stífla Fallorku ehf. við Stóra-Dal varð fyrir miklum skemmdum með þeim afleiðingum að vatn flæddi í stöðvarhús beggja virkjananna og olli þar töluverðu tjóni, einkum á Djúpadalsvirkjun II. Unnið er að viðgerðum í Djúpadalsvirkjun I og er áætlað að hún verði farin að framleiða raforku fyrir lok mars 2007. Viðgerð á Djúpadalsvirkjun II og á stíflu eru tímafrekari og ekki liggur fyrir hvenær þeim lýkur.

Glerárvirkjun hefur gengið sæmilega en þar er rusl sem berst í ána og sest í inntaksmannvirki til verulegra vandræða.

Varðandi félög sem Norðurorka hf. á hlut í og hyggja á framleiðslu raforku er það að segja að hjá Íslenskri orku ehf. var engin hreyfing á árinu. Varðandi Þeistareyki ehf. er hins vegar aðra sögu að segja. Á Þeistareykjum var boruð rannsóknarhola af „fullri“ stærð. Í árslok leit út fyrir að framleiðslugeta holunnar yði 6-8 MWe. en holan mun nýtast sem vinnsluhola þegar þar að kemur. Þær þrjár holur sem nú hafa verið boraðar hafa gefið miklar upplýsingar um jarðhitasvæðið. Gerðar voru segulmælingar á svæðinu á árinu og sýna þær að jarðhitasvæðið er mun víðfeðmara en áður var talið eða um 45 ferkílómetrar.





## Rafveitan

Orkustofnun úthlutaði Norðurorku hf. tekjuramma vegna raforkudreifingar á árinu eins og lög gera ráð fyrir. Rekstur dreifikerfisins er innan þess ramma og er raforkudreifing ódýrust hjá Norðurorku hf.

Rétt er að áréttu mikilvægi þess að heimilaður tekjuafgangur dreifikerfa sé það rúmur að hann komi ekki niður á nauðsynlegu viðhaldi og afhendingaröryggi. Verðþróun raforku síðustu árin sbr. myndrit 1 gefur ekki tilefni til að ætla að gjalddata Norðurorku hf. hafi verið eða sé óhófleg. Það er einnig rétt að minna á að allur kostnaður við eftirlitskerfi með rekstri raforkufyrirtækjanna fellur á raforkunotendur en á síðastliðnum 3 árum hefur sá kostnaður Norðurorku hf. þrefaldast.

Framkvæmdir í dreifikerfi rafmagns hafa eðli málsins samkvæmt einskorðast við dreifisvæði rafveitu Norðurorku hf. sem er Akureyri. Dreifikerfið stækkaði mikið á árinu enda mikið lagt af nýjum götum auk þess sem mikið var byggt. Tengdir voru 296 nýir viðskiptavinir. Samtals seldi Norðurorka um 111 gigawattstundir af forgangsrafmagni á árinu, sem svarar til 6.602 kílóvattstunda á hvern íbúa á veitusvæðinu. Mjög litlar truflanir urðu á raforkuafhendingu og stafar það meðal annars af góðu dreifikerfi sem hefur verið haldið vel við.

Þær truflanir sem verða koma sér oftast illa fyrir þá sem fyrir þeim verða. Sem dæmi má taka rafmagnsleysi á svæðinu umhverfis spennistöð 72 í Síðuhverfi sem varð á mesta álagstíma á aðfangadag 2006 vegna ójafnvægis á álagi. Norðurorka hf. harmar þetta straumleysi og mun vinna að úrbótum. Það er þó svo að aldrei er hægt að ábyrgjast fullkomið afhendingaröryggi.

## Vatnsveitan

Ný gjaldskrá vatnsveitu var ákveðin í desember með gildistöku 1. janúar 2007. Gjaldskráin er þannig upp byggð að greitt er fast gjald og gjald fyrir hvern fermetra húsnæðis. Gjaldskráin er nú ekki lengur tengd fasteignamati, en tekur árlegum breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs. Samhliða þessari breytingu á gjaldskrá eru tekjur vatnsveitunnar lækkaðar umtalsvert. Með þessari gjaldskrá næst ef til vill ekki fullur jöfnuður en það er álit stjórnar Norðurorku hf. að hún leiði til umtalsvert réttlátari gjaldtöku en sú sem áður gildi. Stækkun dreifikerfis vatnsveitunnar varð nokkur á árinu 2006, einkum á Akureyri en einnig í Hörgárbyggð og í Svalbarðsstrandarhreppi. Stjórn Norðurorku hf. samþykkti samning um kaup á vatnsveitu Svalbarðsstrandarhrepps á fundi sínum þann 27. janúar 2006. Nýframkvæmdir tengdust fyrst og fremst nýjum byggingasvæðum í sveitarfélögunum.

Vatnsveitan er elsta almenningsveita Akureyringa og raunar eru vatnsveitur alls staðar elstar almenningsveitna. Vatnsveitan á Akureyri var í upphafi einkarekin og voru reyndar í upphafi tvær einkavatnsveitur á Akureyri. Akureyrarbær tók við rekstri þeirra beggja árið 1914. Það ár lauk virkjun Hesjuvallalinda sem voru næstu 40 árin einu vatnsból Akureyringa.

Vatnsleiðslunefnd Akureyrar hafði árið áður látið Jón Þorláksson Landsverkfræðing kanna lindasvæðið. Þá voru vatnsréttindi og landréttindi vegna vatnstöku og vatnsleiðslna tryggð með því að bæjarsjóður, fyrir hönd Vatnsleiðslunefndar, keypti vatnsréttindi í eitt skipti fyrir öll af Vilhjálmi Jónssyni, bónda og eiganda Hesjuvalla, fyrir kr. 325,-. Endurvirkjun lindanna hefur staðið yfir í nokkur ár og fyrir 5 árum var gerð ný virkjun á svæðinu sem jók vatnsmagn þaðan nokkuð. Ekki er vitað hver vatnsnotkun bæjarbúa var fyrstu áratugin en vatnsnotkun árið 2006 nam 3.813.591 tonnum sem svarar til um 220.000 lítra á hvern íbúa á veitusvæðinu og er það aukning um 44.000 lítra frá fyrra ári.

## Hitaveitan

Dreifikerfi hitaveitu er mun viðfeðmara en raf- og vatnsveitukerfin og nú bætast Fnjóskadalur og Grýtubakkahreppur við. Framkvæmdum við fyrsta hluta aðveituæðar frá Reykjum í Fnjóskadal, Reykjaveitu, lauk í maí og var vatni hleypt á þann áfanga í júní. Þar með rættist langþráður draumur eigenda Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum um hitaveitu. Fljótlega eftir þetta var gert samkomulag um áframhaldandi lagningu Reykjaveitu. Sveitarfélögin Grýtubakkahreppur og Þingeyjarsveit komu að fjármögnun verkefnisins. Strax eftir að þetta samkomulag var gert var sent út efnistilboð sem auglýsa þurfti á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt reglum um efnisinnkaup. Tíu tilboð bárust og eftir yfirferð þeirra var ákveðið að semja við Ísrör ehf. um kaup á rorum frá Logstor í Danmörku. Efnið barst í lok september og var flutt frá bænum Lögstör við Limafjörð í Danmörku til Akureyrar með sérstöku skipi. Lögn hitaveitu frá Reykjum til Grenivíkur var boðin út í ágústlok. Sex tilboð bárust, öll nema eitt yfir kostnaðaráætlun. Samið var við GV gröfur ehf. og hófst vinna við lögnina í nóvember. Lagning dreifikerfis í Lundskógi var boðin út og bárust tvö tilboð. Samið var við Vélaleigu H. Baldurssonar um verkið. Framkvæmdir hófust á haustdögum.

Á árinu hafa bæst við 329 viðskiptavinir hjá hitaveitunni og dreifikerfið hefur lengst um 23.173 metra, aðallega á Akureyri, en einnig í Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsströnd, Hörgárbyggð og í Fnjóskadal. Vinnubúðir og verkstæði verktaka við Héðinsfjarðargöng voru tengd hitaveitunni í Ólafsfirði sem Norðurorka hf. á og gengur rekstur hennar vel. Eðli málsins samkvæmt voru mestu framkvæmdirnar við dreifikerfið á Akureyri en að öðru jöfnu er samið um lagningu hitaveitu, rafveitu og vatnsveitu samhliða gatnagerð í nýju hverfunum. Heimæðar og heimtaugar eru síðan lagðar jafn óðum og byggt er og annast starfsmenn Norðurorku hf. lagningu þeirra að mestu leyti.

Í ársskýrslu 2005 var þess getið að ekki væru erfiðleikar með vatnsöflun hitaveitunnar eftir tilkomu jarðhitasvæðisins á Hjalteyri. Þess var getið að ekki væri talið að gera þyrfti ráðstafanir næstu árin til að ná meira vatni þaðan. Aukning á vatnsnotkun hefur verið meiri en áætlað var og til að viðhalda nauðsynlegu afhendingaröryggi verður að auka flutningsgetu frá Hjalteyri.

## Starfsfólk


Öllu starfsfólki Norðurorku hf. eru þökkuð góð störf á árinu. Starfsmannavelta er lítil hjá Norðurorku hf. og trúmennska og tryggð starfsfólksins er mikils metin af stjórn og stjórnendum fyrirtækisins. Í upphafi árs störfuðu 50 manns hjá Norðurorku hf. Þeim fjölgaði um 3 á árinu og voru 53 í lok árs. Á árinu lét Steindór Steindórsson rafvirkjameistari af störfum vegna heilsubrests og Jóhann Gústafsson aðstoðarmaður og Hallfríður Magnúsdóttir fulltrúi fóru á eftirlaun. Þessum starfsmönnum eru þökkuð góð störf og trúmennska við fyrirtækið. Sex nýir starfsmenn voru ráðnir í skilgreindar stöður og eru þeir boðnir velkomnir. Meðal annars var ráðinn nýr yfirverkstjóri Vigfús Ingi Hauksson, en áður gengdu tveir þeirri stöðu og hurfu þeir til annarra verka hjá fyrirtækinu. Ávallt eru ráðnir einhverjir til skemmi vistar, svo sem skólafólk að sumarlagi. Ásókn í slíka vinnu var með minnsta móti á árinu 2006.


## Samstarfsaðilar og viðskiptamenn

Norðurorka hf. þakkar öllum viðskiptavinum sínum viðskiptin á árinu og býður þá nýju viðskiptamenn sem í hópinn bættust velkomna og vonast til að þeir verði ánægðir með viðskiptin. Þeim mörgu aðilum sem Norðurorka hf. skiptir við, svo sem ráðgjöfum, verktökum, birgjum og öðrum sem starfað hafa fyrir fyrirtækið á árinu eru þökkuð góð störf og góð þjónusta. Samstarfsaðilum, svo sem Samorku, Akureyrarbæ, ýmsum veitufyrirtækjum og félögum er þakkað samstarfið.











Myndrit 2:  
Hitaveita  
Orkuvinnsla á mánuði

Heitavatnsöflun samtals  
6.340.034 m<sup>3</sup>




Myndrit 3:  
Hitaveita  
Þróun vinnslu á heitu vatni  
1994-2006  
Litrar á sekúndu





Myndrit 4:  
Hitaveita  
Raforka til dælingar  
á heitu vatni frá  
virkjunarsvæðum  
kWh



Myndrit 5: Orkunotkun, orkuþörf og orkumáttur hitaveitu



<b>Almennar upplýsingar</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>
Fjöldi íbúa á hitaveitusvæði	17.072	17.292	18.059	18.663	19.057
Húsveitur	5.014	5.181	5.564	5.754	6.001
Rúmmál húsa tengd hitaveitu m <sup>3</sup>	4.042.644	4.159.878	4.344.472	4.500.476	4.740.460
Hemlar	3	3	130	130	130
Orkumælar	19	19	19	19	0
<b>Orkuöflun á jarðhitasvæðum</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>
Fjöldi virkjaðra borhola:					
Með djúpdælu	10	11	11	11	14
Án djúpdælu	2	1	2	2	2
Uppsett afl á jarðhitasvæðum MW	58	73	73	74,5	81
Vatnsmagn tekið úr jarðhitakerfum á árinu m <sup>3</sup>	4.270.675	4.162.280	4.950.852	5.200.000	5.384.481
Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug C°	89	89	89	89	89/60
<b>Aðveituæðar/orkuöflun</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>
Lengd safn- og aðveituæða:					
Stál m	32.285	51.869	51.869	51.869	51.869
Plast m	11.800	11.800	11.800	11.800	11.800
Samtals m	44.085	63.669	63.669	63.669	63.669
Rafskautsketill:					
Uppsett afl MW	4,4	4,40	4,4	4,4	4,4
Raforkunotkun á árinu GWh	10,60	8,8	6	2,4	0,07
Olíuketill:					
Uppsett afl MW	12	12	12	12	12
Olíunotkun á árinu, lítrar	432.000	19.000	0	0	0
<b>Dreifikerfi og dælustöðvar</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>
Uppsett afl í dreifikerfi (aflgeta) MW	72	86,5	86,5	86,5	86,5
Hámarksálag inn á dreifikerfi á árinu MW	54,6	53,4	61,3	58,7	66,6
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á árinu m <sup>3</sup>	5.090.612	5.083.603	5.775.379	6.185.129	6.340.034
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi C°	79,8	79,1	79	79	79
Áætlaður meðalvatnshiti til notenda C°	72	72	72	72	73
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi á árinu TJ	1.093,5	1.072,5	1245,1	1333,5	1.366,9
Hlutfall orkuvinnslu:					
Jarðhiti %	91,4	93,3	98	98	99,9
Rafmagn %	7,5	6,6	2	2	0,1
Olía %	1,1	0,1	0	0	0
Fjöldi dælustöðva (ekki djúpdælur)	5	6	6	6	7
Heildar afl dælna (dælustöðvar og djúpdælur) KW	2.388	2.691	2.761	2.875	2.878
Rafmagnsnotkun á dælur (dælust. og djúpdælur) MWh	6.889.400	7.425.446	6.217.172	5.356.718	5.640.316
Miðlunarrými m <sup>3</sup>	7.500	7.500	7.500	7.500	7.500
Lengd dreifikerfis:					
Stál m	232.865	277.108	296.598	300.000	310.381
Plast m	9.557	32.177	53.177	62.672	75.464
Samtals m	242.422	309.285	349.775	370.172	393.345
Lengd endurnýjaðra lagna á árinu m	250	300	300	682	1.150
Hlutfall dreifikerfis (skurðlengd):					
Einfalt %	60	60	83	84	85
Tvöfalt %	40	40	17	16	15

Myndrit 6:  
**Raforkudreifing 2006**

 Myndrit 7:  
**Próun raforkudreifingar 1992-2006**

 Myndrit 8:  
**Raforkudreifing í MWh 1923-2006**

Forgangsorka og ótryggð orka


 Myndrit 9:  
**Aftoppar forgangsorku 2006**  
 MWh



### Raforkudreifing og -flutningur

Glerárvirkjun og Djúpadalsvirkjun tengjast beint inn á dreifikerfið.

	Landsnet	Landsnet	Glerárvirkjun	Djúpadalsvirkjun	Heild samtals	Forgangsorka
	kWh	ótryggt kWh	kWh	kWh	kWh	Afl kW
Jan.	9.666.186	2.303.064	36.990	936.000	12.942.240	19.922
Feb.	7.737.144	2.145.771	73.982	1.282.000	11.238.897	18.043
Mars	8.575.144	2.239.845	14.998	1.241.000	12.071.283	17.306
<b>1. ársfj.</b>	<b>25.978.770</b>	<b>6.845.973</b>	<b>125.970</b>	<b>3.459.000</b>	<b>36.252.420</b>	
Apríl	7.601.055	1.996.350	70.443	938.000	10.605.848	17.041
Mái	6.248.205	2.761.995	158.808	1.699.000	10.868.008	15.622
Júní	5.237.019	2.629.656	222.303	1.939.000	10.027.978	14.320
<b>2. ársfj.</b>	<b>19.086.279</b>	<b>7.388.001</b>	<b>451.554</b>	<b>4.576.000</b>	<b>31.501.834</b>	
Júlí	5.328.931	2.521.379	193.918	2.010.000	10.054.228	15.296
Ágúst	5.825.101	2.786.504	219.750	1.925.000	10.756.355	15.407
Sept.	6.436.165	2.875.625	222.623	2.038.000	11.572.413	15.950
<b>3. ársfj.</b>	<b>17.590.197</b>	<b>8.183.508</b>	<b>636.291</b>	<b>5.973.000</b>	<b>32.382.996</b>	
Okt.	8.013.618	2.698.797	188.061	1.764.300	12.664.776	19.739
Nóv.	9.222.280	2.226.980	102.534	1.757.700	13.309.494	20.427
Des.	11.249.776	2.222.819	119.951	767.000	14.359.546	22.326
<b>4. ársfj.</b>	<b>28.485.674</b>	<b>7.148.596</b>	<b>410.546</b>	<b>4.289.000</b>	<b>40.333.816</b>	
<b>Samtals</b>	<b>91.140.920</b>	<b>29.408.785</b>	<b>1.624.361</b>	<b>18.297.000</b>	<b>140.471.066</b>	




<b>Almennar upplýsingar</b>	<b>Einingar</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>
Fjöldi íbúa á veitusvæði	fjöldi	15.838	16.048	16.270	16.736	16.822
Neysluveitur		6.597	6.841	7.032	7.236	7.532
<b>Dreifikerfið</b>		<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>
Aðveitustöðvar	fjöldi	2	2	2	2	2
uppsett spennaafll	MVA	82	82	82	82	82
Dreifistöðvar á jörðu	fjöldi	96	102	102	102	102
uppsett spennaafll	MVA	53	55	55	55	63
Dreifistöðvar í stólpum	fjöldi	4	3	3	3	4
uppsett spennaafll	MVA	0,28	0,28	0,28	0,28	0,23
Tengiskápar	fjöldi	839	852	875	888	932
Sölumælar	fjöldi	8.277	8.334	8.535	8.450	8.792
Heimtaugar - 25-63 A	fjöldi	2.982	3.097	3.209,0	3.345	3.490
Heimtaugar - 100-315 A	fjöldi	332	337	344	349	365
Heimtaugar - >400 A	fjöldi	64	65	65	68	74
33-66 kV jarðstrengir	km	4,8	4,8	4,8	4,8	4,8
6-11 kV jarðstrengir	km	85	112	124	124,3	106,2
230/400 V jarðstrengir	km	413	400	413	411,4	432,7
6-11 kV loftlínur	km	1,25	1,25	1,25	2,7	2,7
230/400 V loftlínur	km	10	10	10	3,6	4,7
<b>Raforkudreifing</b>	<b>Einingar</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>
Varaafll	MVA/MW	1,132/0,8	1,132/0,8	1,132/0,8	1,132/0,8	1,132/0,8
Raforkuflutningur til dreifiv.	MWh	144.699	144.436	138.558	144.602	140.628
Eigin raforkuvinnsla	MWh	30	0	0	779	1.624
Forgangsorka - mesta afl	MW			20,19	20,79	22,33
Forgangsorka dreifing	MWh			101.538	107.350	111.062
Raforkudreifing	MWh	137.974	136.002	128.097	136.590	131.723
þar af til heimila	MWh	26.754	27.697	28.972	30.785	31.971
þar af til iðnaðar	MWh	57.348	55.152	49.636	54.820	49.577
þar af til þjónustu	MWh	48.043	47.028	45.085	44.439	43.301
þar af annað	MWh	5.838	6.125	4.404	6.546	6.875
Raforkudreifing á hvern íbúa	KWh				8.161	7.830
<b>Götulýsing</b>	<b>Einingar</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>
Götuljósastólpar	fjöldi	4.308	4.616	4.700	4.700	4639/5186
afl ljósgjafa	KW	562	562	570	555	635
<b>Glerárvirkjun</b>						
Framleiðsla	Afl KW				280	280
	MWh				779	1.624



Myndrit 10:  
Kaldavatnsöflun 2006

Hlíðarfjall 3.533.541 m<sup>3</sup>  
Vaglir 280.050 m<sup>3</sup>  
Samtals 3.813.591 m<sup>3</sup>

Stuðlarnir á myndinni sýna notkun á köldu vatni í rúmmetrum á mánuði. Neðri hlutinn (ljósblár) sýnir vatn frá vatnslindum í Hlíðarfjalli og Glerárdal. Efri hlutinn (dökkblár) sýnir það vatn sem dælt er frá Vöglum. Eins og sést á myndinni kemur mest af köldu vatni úr lindum ofan Akureyrar og er það ómetanleg auðlind. Línan á myndinni sýnir meðalrennsli í rúmmetrum á mánuði.




Myndrit 11:  
Kaldavatnsöflun, þróun 1995-2006




<b>Almennar upplýsingar</b>	<b>Einingar</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>
Fjöldi íbúa á veitusvæði	fjöldi	16.176	16.400	16.802	17.268	17.768
Neysluveitur	fjöldi	7.705	7.949	8.270	8.403	8.856
Aukavatnsmælar	fjöldi	108	108	75	124	81
<b>Vatnsból</b>	<b>Einingar</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>
